

Minnisblað um gögn og aðferðafræði umræðuskjals nr. 1/2026 – Dagvöruverð og samanburður við útlönd

Umræðuskjal Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2026 byggir á opinberlega aðgengilegum gögnum frá Eurostat og Hagstofu Íslands. Gögnin voru sótt af vef þessara stofnana og unnin samkvæmt þeirri aðferðafræði sem lýst er í umræðuskjalinu, m.a. á bls. 5 og 10.

Vinnsla umræðuskjalsins fólst í því að sækja neðangreind opinber gögn frá Eurostat og Hagstofu Íslands og vinna úr þeim samkvæmt þeirri aðferðafræði sem lýst er í umræðuskjalinu, sbr. einnig eftirfarandi:

Bls. 6–7

Byggja á gögnum úr Eurostat, nánar tiltekið:

[PRC PPP IND 1](#) (PLI_EU27_2020, A010101)

[PRC HICP MINR](#) (I25, CP011)

Þar sem nýjustu gögn í [PRC PPP IND 1](#) ná til ársins 2024 voru gögn úr [PRC HICP MINR](#) notuð til að færa verð allra landa yfir á verðlag í desember 2025. Að því loknu voru verðvísitölur aftur settar á grunn meðaltals Evrópusambandsins (EU27).

Bls. 8–9

Byggja á gögnum úr Eurostat (PRC_PPP_IND_1, PLI_EU27_2020, A010101). Vísitalan er sett á grunn janúar 2020 = 100.

Bls. 10–11

Byggja á sömu gögnum og aðferðafræði og bls. 6–7. Eftirfarandi COICOP18-flokkar voru notaðir:

Ensk heiti	Íslensk þýðing	COICOP18
Food	Matur	CP011
Cereals and cereal products	Korn	CP0111

Ensk heiti	Íslensk þýðing	COICOP18
Live animals, and meat and other parts of slaughtered land animals	Kjöt	CP0112
Fish and other seafood	Fiskur	CP0113
Milk, other dairy products and eggs	Mjólkurvörur og egg	CP0114
Oils and fats	Olíur og feiti	CP0115
Fruits and nuts	Ávextir og hnetur	CP0116
Vegetables, tubers, plantains, cooking bananas and pulses	Grænmeti	CP0117
Sugar, confectionery and desserts	Sykur og sætindi	CP0118
Ready-made food and other food products	Tilbúnir réttir	CP0119

Bls. 12

Byggir á gögnum frá Hagstofu Íslands ([VIS01300](#)). Notaðir voru flokkarnir 011, 0111, 0112, 0114, 0116, 0118 og 012. Grunnmánuður var færður yfir á janúar 2020 til að auðvelda samanburð yfir tímabilið.

Bls. 13

Byggir á sömu gögnum og aðferðafræði og bls. 6–7. Notaðir voru flokkarnir 0111 og 0114.

Bls. 14

Byggir á gögnum frá Hagstofu Íslands ([VIS01300](#)). Notaðir voru flokkarnir 0112, 011221, 011222, 011223 og 011224.